

Skipulags- og umhverfisnefnd
Fjallabyggð

Efni: Tjaldsvæði á Siglufirði

Deiliskipulag af nýju tjaldsvæði á Leirutanga, Siglufirði, var samþykkt í febrúar 2016. Mjög hægt hefur gengið að koma svæðinu í það horf að hægt verði að flytja tjaldsvæðið úr miðbænum eins og til stendur. Á þessu ári eru áætlaðar einungis 6 mkr. til framkvæmda og segir það lítið miðað við stöðu verksins núna. Þetta hangir saman við nýtt skipulag af miðbænum og þyrfti nýtt tjaldsvæði að verða klárt áður en kemur að framkvæmdum í miðbænum.

Gestir sem heimsækja Sigluförð halda áfram að tjalda utan skilgreindra tjaldsvæða, aðalega í miðbænum, en það er óheimilt. Það skapast aðalega útaf því hvað tjaldsvæðið í miðbænum er lítið og fyllist fljótt.

Það er því óskiljanlegt hvað litlu fé er varið í að klára nýja tjaldsvæðið á Leirutangum og virðist vera að ekki séu allir sáttir við þá framkvæmd. Að áliti H listans er þetta stórt umhverfismál fyrir sveitarfélagið.

H listinn óskar eftir að fá að vita hvenær verkið sem áætlað er að vinna á þessu ári verði boðið út og hvenær reikna má með að framkvæmdum verði lokið miðað við sama verkhraða.

Ólafsfirði, 5. Júlí 2019

F.h. H-listans

Helgi Jóhannsson
nefndarmaður í Skipulags- og umhverfisnefnd.

(sjá mynd að skipulaginu á bls. 2)

